
FUNDARGERÐ

Fundur: 91. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 21. mars 2007, kl. 13:00-14:30
Fundarstaður: Landsnet, stjórnstöð Bústaðavegi
Fundarefni: 1) Gögn ársins 2006 og athugasemdir við yfirferð.
2) Stuðlar ársins 2006 og gögn til Orkustofnunar.
3) Ný útgáfa af skráningarkerfinu.
4) Kerfi um kostnað við rekstrartruflanir.
5) Önnur mál

Á fundinn mættu:

START: Nils Gústavsson
Steingrímur Jónsson
Kristín Haralda Cecilsdóttir
Gunnar Haukur Gunnarsson
Rúnar Svavar Svavarsson
Egill Sigmundsson
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson
Fjarverandi: Ragnar Emilsson
Sigfús Guðlaugsson

- 1) JV sagði að gögn til yfirferðar hafi komið í seinna lagi frá veitunum og ekki væri því búið að fara yfir þau öll. IB fór síðan yfir helstu atriði sem athugasemdir voru gerðar við í yfirferð. Hann benti m.a. á að þegar tíma er breytt á skýrslu um truflun þarf að passa að breyta einnig tíma annars staðar í skráningunni svo sem í skerðingu. Nefnt var að koma mætti fram athugasemd í skráningarforritinu um þetta þegar slíkt er gert. Rætt var um “Skammhlaup” og “Jarðhlaup” á C skýrslum og ákveðið að sameina það þar sem yfirleitt er ekki hægt að greina þar á milli. Einnig ákveðið að breyta í undirliggjandi orsök Röng stilling liða eða stjórneingina í “Röng stilling liða/stærð vars” (bara fyrir C skýrslur). SJ ræddi um það að skrá ætti Viðvarandi bilun þegar var gefur sig vegna hrörnunar.
- 2) JV sagði að einungis væru komin leiðrétt gögn frá Landsneti og því væri ekki hægt að taka stuðlana saman strax en þeir eiga að vera komnir til Orkustofnunar 1. apríl. JV var falið að taka stuðlana saman fyrir allar veiturnar og senda viðeigandi stuðla til fulltrúa í hópnum sem munu koma sínum stuðlum til Orkustofnunar. Einnig var JV falið að uppfæra skýrslu um stuðla og setja á heimasíðu hópsins.

- 3) JV sagði að verið væri að vinna í nýrri útgáfu af skráningarkerfinu. Verið er að endurskrifa gagnagrunnssamskiptin til að losna við Borland Database Engine. Einnig er verið að skoða að nota Crystal Report fyrir allar skýrslur í kerfinu og að hafa uppsetningu þeirra sveigjanlega svo hægt sé að bæta inn skýrslum án þess að þýða kerfið að nýju.
- 4) JV sagði að sýnishorn af kerfi um kostnað vegna skorts hefði verið sett á vefþjón svo hægt væri að sýna það hjá veitunum. Menn munu hafa samband við JV ef þeir hafa áhuga á slíku.
- 5) NG sagði að umfangsmikil truflun hefði átt sér 11.03.2007 og sýndi skýrslu um hana sem er að finna á heimasíðu Landsnets (sjá skýrsluna á: http://www.landsnet.is/Uploads/document/skýrslur/Truflanaskýrslur/11.03.2007_KO1.pdf).

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn en NG og JV munu í sameiningu ákveða hvort þörf er á öðrum fundi fyrir sumarið.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var á fundinum:

- Skráning truflana, yfirllestur. Power Point skjal um yfirllestur.
- Skýrsla um rekstrartruflun 11.03.2007 Kolviðarhóslína 1.
(http://www.landsnet.is/Uploads/document/skýrslur/Truflanaskýrslur/11.03.2007_KO1.pdf)